ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/63/05**

frá 30. nóvember 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn

(tilkynnt með númeri C(2009) 9522)

(2009/894/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „viðarhúsgögn“ skal ná yfir frístandandi eða innbyggðar einingar sem eru notaðar sem húsgögn fyrir heimili, innanhúss eða utan, til að geyma í, hengja upp í, liggja í, sitja við, vinna við og borða af eða til notkunar innanhúss í viðskiptalegum tilgangi. Viðskiptalegur tilgangur skal taka til húsgagna á skrifstofum og í skólum sem og til húsgagna fyrir veitingahús og hótel.

Uppfylla skal eftirfarandi skilyrði:

a) Varan skal gerð úr a.m.k. 90% (þyngdarhlutfall) gegnheilum viði eða efnum sem eru að meginhluta úr viði. Ef gler er auðveldlega útskiptanlegt ef um er að ræða skemmdir eða brot má undanskilja það þyngdarútreikningum og það sama gildir um tæknibúnað og fylgihluti.

b) Þyngd einstakra efna, annarra en gegnheils viðar og efna sem eru að meginhluta úr viði, skal ekki fara yfir 3% af heildarþyngd vörunnar. Samanlögð heildarþyngd slíkra efna skal ekki fara yfir 10% af heildarþyngd fullunninnar vöru.

2. gr.

Til að unnt sé að veita viðarhúsgagni umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 verður húsgagnið að falla undir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“, eins og skilgreint er í 1. gr. þessarar ákvörðunar, og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „36“ notað fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 46.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Þessar viðmiðanir miða einkum að því að stuðla að því að draga úr áhrifum viðarhúsgagna á umhverfið og heilbrigði manna á vistferli þeirra.

Nánar tiltekið að:

— nota efni sem eru framleidd á sjálfbærari hátt,

— draga úr notkun hættulegra efna og losun mengandi efna,

— varan er prófuð m.t.t. endingar.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun. Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða aðrar sannanir til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða birgjum þeirra, eins og við á.

Samræmismat skal fara fram á rannsóknarstofum sem hafa hlotið viðeigandi faggildingu (eftir því sem unnt er) og uppfylla almennu kröfurnar í EN ISO 17025.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanir séu uppfylltar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, og umhverfisyfirlýsingum vara sé beitt (aths.: ekki er gerð krafa um að slíkum yfirlýsingum og stjórnunarkerfum sé beitt en hvatt til þess).

VIÐMIÐANIR

Undanþágur

Eftirfarandi undanþágur frá tilteknum viðmiðunum um efni skulu gilda:

i. Heimilt er að undanskilja efni, önnur en gegnheilan við og efni sem eru að meginhluta úr viði og önnur en þau sem falla undir viðmiðanir fyrir yfirborðsmeðferð og samsetningu húsgagna, sem nema minna en 3% af heildarþyngd umhverfismerktu vörunnar, frá reglufylgni við „kröfur sem varða við og efni sem eru að meginhluta úr viði“.

ii. Festingar, s.s. skrúfur og naglar, og málmhlutir fyrir rennihurðir og skúffur eru undanþegin samræmi við allar viðmiðanir um efni.

Mat og sannprófun: Veita skal viðeigandi upplýsingar um þessi efni sem eru undanþegin samræmi við tilteknar viðmiðanir. Í útreikningi á prósentuhlutfalli efna, sem heimilt er að undanskilja, skal telja með magn slíkra efna í samsettum efnum án tillits til prósentuhlutfalls samsetta efnisins í endanlega, umhverfismerkta húsgagninu. Í útreikningi á heildarþyngd skal þyngd festinga ekki talin með.

1. **Vörulýsing**

Leggja skal fram lýsingu á vörunni (lýsingu á notagildi, vöruheiti eða tilvísunarkóða; ef margar gerðir af sömu vöru eru fáanlegar skal leggja fram lýsingu á þeim undirgerðum sem umsóknin gildir um). Veita skal upplýsingar um heildarþyngd vörunnar, efnin sem notuð eru í vöruna, þ.m.t. festingar og fylgihluti, og þyngd þeirra, eftir því sem við á.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja lýsingu á vörunni fyrir þar til bæra stofnun þar sem upplýsingarnar, sem lýst er hér að ofan, koma fram.

2. **Hættuleg efni**

a) Ekki er heimilt er að bæta í viðarvörur neinum efnum eða efnablöndum sem hafa fengið, eða kunna að hafa fengið, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

— H23: (eitrað við innöndun),

— H24: (eitrað í snertingu við húð),

— H25: (eitrað við inntöku),

— H26: (mjög eitrað við innöndun),

— H27: (mjög eitrað í snertingu við húð),

— H28: (mjög eitrað við inntöku),

— H39 (hætta á alvarlegu, varanlegu heilsutjóni),

— H40 (takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif),

— H42 (getur valdið ofnæmi við innöndun),

— H43 (getur valdið ofnæmi í snertingu við húð),

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— R48 (hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi váhrif),

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— R52 (skaðlegt vatnalífverum),

— R53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]) (tilskipun um hættuleg efni) og síðari breytingum hennar og að teknu tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([2]) (tilskipun um hættulegar efnablöndur).

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([3]). Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H300, H301, H310, H311, H317 H330, H331, H334, H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341, H370 og H372.

([1]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

b) Varan má ekki innihalda halógenuð lífræn bindiefni, asidírín og pólýasirídín né heldur fastlitarefni og aukefni að stofni til úr:

— blýi, kadmíumi, krómi (VI), kvikasilfri og efnasamböndum þeirra,

— arseni, bór og kopar,

— lífrænu tini.

c) Aðeins er leyfilegt að nota eldtefjandi efni sem eru efnafræðilega bundin í efniviðinn/efnið eða á yfirborð efniviðarins/efnisins (hvarfgjörn, eldtefjandi efni). Hafi eldtefjandi efnin, sem eru notuð, fengið einhverja H-setninganna sem eru taldar upp hér á eftir skal efnafræðilegt eðli þessara hvarfgjörnu, eldtefjandi efna breytast þannig við notkun að ekki sé lengur ástæða til að flokka þau samkvæmt neinni eftirfarandi H-setninga. (Minna en 0,1% af eldtefjandi efni á efniviðnum/efninu má vera eftir í því formi sem það var fyrir meðhöndlunina.)

— H40 (takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif),

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— R52 (skaðlegt vatnalífverum),

— R53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar.

Eldtefjandi efni, sem eru eingöngu blönduð með eðlisrænum aðferðum saman við efnivið/efni, eru undanskilin (eldtefjandi íblöndunarefni).

Að öðrum kosti kemur flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til greina. Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl, s.s. öryggisblöð.

3. **Kröfur sem varða við og efni sem eru að meginhluta úr viði**

a) *Sjálfbær skógarstjórnun*

Framleiðandi skal hafa mótaða stefnu um að kaupa við úr sjálfbærri skógrækt og kerfi til þess að rekja og staðreyna uppruna viðar og rekja feril hans frá skógi til fyrsta móttökustaðar.

Skrá skal uppruna alls viðar. Framleiðandi skal tryggja að allur viður komi frá löglegum aðilum. Viðurinn skal ekki koma frá vernduðum svæðum eða svæðum sem eru í opinberu ferli vegna tilnefningar sem friðuð svæði, gamalgrónum skógum og skógum sem hafa mikið verndargildi, sem eru skilgreindir á landsvísu með þátttöku hagsmunaaðila, nema kaupin séu greinilega í samræmi við landsbundnar reglugerðir um verndun.

— Að því er varðar viðarvörur, sem eru settar á markað til og með 30. júní 2011 og bera umhverfismerkið, skulu a.m.k. 50% af öllum gegnheilum viði og 20% af efnum sem eru að meginhluta úr viði annaðhvort koma úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð, sem óháðir þriðju aðilar hafa vottað að uppfylli þær viðmiðanir sem eru tilgreindar í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB og frekari þróun hennar, eða úr endurunnum efnum.

— Að því er varðar viðarvörur, sem eru settar á markað frá og með 1. júlí 2011 til 31. desember 2012 og bera umhverfismerkið, skulu a.m.k. 60% af öllum gegnheilum viði og 30% af efnum sem eru að meginhluta úr viði annaðhvort koma úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð, sem óháðir þriðju aðilar hafa vottað að uppfylli þær viðmiðanir sem eru tilgreindar í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB og frekari þróun hennar, eða úr endurunnum efnum.

— Að því er varðar viðarvörur, sem eru settar á markað frá og með 1. janúar 2013 og bera umhverfismerkið, skulu a.m.k. 70% af öllum gegnheilum viði og 40% af efnum sem eru að meginhluta úr viði annaðhvort koma úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð, sem óháðir þriðju aðilar hafa vottað að uppfylli þær viðmiðanir sem eru tilgreindar í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB og frekari þróun hennar, eða úr endurunnum efnum.

Mat og sannprófun: Til að uppfylla þessi skilyrði skal umsækjandinn sýna fram á að allar umhverfismerktar viðarvörur hans muni, þegar þær eru fyrst settar á markað eftir dagsetningarnar sem koma fram í viðmiðuninni, uppfylla viðeigandi kröfur fyrir vottaðan við. Ef ekki er hægt að sýna fram á þetta mun þar til bær stofnun einungis gefa út leyfi fyrir umhverfismerkinu fyrir það tímabil sem hægt er að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn frá afhendingaraðila viðarins þar sem fram koma tegundir, magn og nákvæmur uppruni viðarins sem er notaður í húsgagnaframleiðsluna. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi vottorð sem sýna að vottunarkerfið uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB, á réttan hátt.

Skilgreining: Efni sem eru að meginhluta úr viði: efni sem eru búin til með því að festa saman eitt eða fleiri eftirtalinna efna með límefni og/eða lími: viðartrefjar og/eða birktar eða tilsagaðar viðarplötur og/eða viðarleifar úr skógum, plantekrum, söguðum viði, leifum úr pappírsmauks-/pappírsiðnaði og/eða endurunnum viði. Efni sem eru að meginhluta úr viði samanstanda af: masóníti, trefjaplötum, MDF-plötum, spónaplötum, aspenítplötum, krossviði og plötum úr gegnheilum viði. Heitið „efni sem er að meginhluta úr viði“ á einnig við um samsett efni úr plötum sem eru að meginhluta úr viði, húðaðar með plasti eða lagskiptu plasti eða málmi eða öðru húðunarefni, og fullunnar/hálfunnar plötur sem eru að meginhluta úr viði.

Fullunnin eða hálfunnin efni sem eru að meginhluta úr viði og efni sem eru að meginhluta úr viði, húðuð með plasti eða lagskiptu plasti eða málmi eða öðru húðunarefni, skulu einnig uppfylla viðmiðanir fyrir yfirborðsmeðferð auk viðmiðananna sem eru fastsettar samkvæmt þessum lið.

b) *Endurunnar viðartrefjar*

Endurnýttur viður, viðarspænir eða trefjar sem eru notaðar við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði (hráefni) skulu a.m.k. uppfylla ákvæðin í EPF-staðli iðnaðarins eins og greint var frá í 6. málsgrein skjalsins „EPF Standard for delivery conditions of recycled wood“ (EPF-staðall um afhendingarskilyrði í tengslum við endurunninn við) frá 24. október 2002. Taflan yfir viðmiðunarstaðlana fylgir einnig í viðbætinum.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram yfirlýsingu um að endurnýttur viður sé notaður við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði. Auk þess skal leggja fram niðurstöður úr prófunum til að staðfesta samræmi við viðmiðunarmörk eins og mælt er fyrir um í 1. viðbæti.

c) Gegndreypandi efni og rotvarnarefni

i. Húsgögn til nota innanhúss skulu ekki vera gegndreypt.

Að því er varðar öll önnur húsgögn skulu þau uppfylla kröfurnar um hættuleg efni (liður 2) ef gegndreyping eða rotvarnarefni eru notuð.

ii. Eftir skógarhögg skal ekki meðhöndla gegnheilan við með efnum eða blöndum sem innihalda efni sem eru skráð í einhverja af eftirfarandi skrám:

— Varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1a (afar hættuleg),

— varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1b (mjög hættuleg).

Enn fremur skal meðhöndlun á viði vera í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 79/117/EBE ([1]) og tilskipunar ráðsins 76/769/EBE ([2]).

([1]) Stjtíð. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.

([2]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu sem sýnir að þessi viðmiðun sé uppfyllt, skrá yfir efnin sem voru notuð og upplýsingablað fyrir hvert efni um sig.

d) *Notkun á hættulegum efnum og blöndum við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði.*

Til viðbótar við kröfurnar um hættuleg efni í 2. lið skulu öll efni og blöndur, sem eru notuð við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði, uppfylla eftirfarandi:

i. Ekki skal meðhöndla nýjan við með efnum eða blöndum sem innihalda efni sem eru skráð í einhverja af eftirfarandi skrám:

— Varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1a (afar hættuleg),

— varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1b (mjög hættuleg).

Enn fremur skal meðhöndlun á viði vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 79/117/EBE og tilskipunar 76/769/EBE.

ii. Innihald óbundins formaldehýðs í vörum eða blöndum sem eru notaðar í plöturnar skal ekki fara yfir 0,3% (þyngdarhlutfall). Innihald óbundins formaldehýðs í bindiefnum, límefnum og límí fyrir krossviðarplötur eða viðarplötur með lagskiptu plasti skal ekki fara yfir 0,5% (þyngdarhlutfall).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi yfirlýsingar sem staðfesta að ofangreindar kröfur séu uppfylltar. Að því er varðar allar efnavörur, sem eru notaðar við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði, skal leggja fram öryggisblað um efni eða jafngild gögn sem innihalda upplýsingar um heilbrigðishættuflokkun.

e) *Losun formaldehýðs úr óunnum hráefnum sem eru að meginhluta úr viði*

Einungis er leyfilegt að nota efni, sem eru að meginhluta úr viði, í húsgagn ef þau uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. Spónaplata: losun formaldehýðs úr spónaplötum í óunnu ástandi, þ.e. áður en þær eru unnar í vél eða meðhöndlaðar með yfirborðsmeðferðarefni, skal ekki vera meiri en sem nemur 50% af viðmiðunargildinu sem gerir kleift að flokka þær sem E1 samkvæmt staðli EN 312.

ii. Trefjaplata: losun formaldehýðs úr trefjaplötum í óunnu ástandi, þ.e. áður en þær eru unnar í vél eða meðhöndlaðar með yfirborðsmeðferðarefni, skal ekki vera meiri en sem nemur 50% af viðmiðunargildinu sem gerir kleift að flokka þær sem E1 samkvæmt staðli EN 622-1. Trefjaplötur sem flokkaðar eru sem E1 munu þó samþykktar ef þær eru ekki meira en 50% af samanlögðu innihaldi viðar og efna úr viði sem notuð eru í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn og/eða birgir hans skal færa sönnur á að efni sem eru að meginhluta úr viði losa minna en 4 mg/100 g samkvæmt EN 120 (götunaraðferð (e. perforation method)) eða minna en 0,062 mg/m^3 samkvæmt EN 717-1 (klefaaðferð (e. chamber method)). Að auki skal leggja fram yfirlýsingu um að kerfi framleiðslustýringar verksmiðju hefur verið komið á í samræmi við EN 312 eða EN 622-1.

f) *Erfðabreyttur viður*

Varan skal ekki innihalda erfðabreyttan við.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að erfðabreyttur viður hafi ekki verið notaður.

4. **Viðmiðanir fyrir yfirborðsmeðferðir**

Yfirborðsmeðferð á við um yfirborðsmeðferðarferli, annaðhvort á stökum hluta/íhluta húsgagns eða húsgagninu í heild sinni.

a) Yfirborðsmeðferð með plasti og málmi

Plast og málmur skulu leyfð í hlutfalli sem er allt að 2% af heildarþyngd húsgagnsins. Þau verða að uppfylla almennar kröfur um hættuleg efni sem koma fram í 2. lið.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn til að sýna að þessar viðmiðanir séu uppfylltar.

b) *Aðrar yfirborðsmeðferðir en með plasti og málmum*

Þessi viðmiðun tengist yfirborðsmeðferðarefnum á húsgögn og viðarefni

i. Hættuleg efni og blöndur, (þ.m.t. innihald lífrænna rokefna)

Öll efni og efnablöndur sem eru notuð verða að uppfylla kröfur um hættuleg efni sem settar eru fram í 2. lið.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl, s.s. efna- og öryggisblöð.

Auk þess skulu hrein efni, sem íðefnaframleiðandi eða -birgir flokkar sem skaðleg umhverfinu í samræmi við flokkunarkerfi Bandalagsins (28. breyting á tilskipun 67/548/EBE), uppfylla aðra af tveimur eftirfarandi takmörkunum:

— Ekki má bæta hreinum efnum, sem eru flokkuð sem skaðleg umhverfinu í samræmi við tilskipun 1999/45/EB, við efni og blöndur til yfirborðsmeðferðar. Samt sem áður mega vörurnar innihalda allt að 5% af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 1999/13/EB ([1]) (rokgjörn, lífræn efnasambönd eru skilgreind sem hvert það lífræna efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða). Ef þynna þarf vöruna má innihald þynntu vörunnar ekki fara yfir fyrrnefnt viðmiðunargildi.

— Það magn sem notað er (blaut málning/lakk) af efnum sem eru skaðleg umhverfinu í samræmi við tilskipun 1999/45/EB skal ekki fara yfir 14 g/m^2 af yfirborðsfleti og það magn sem notað er (blaut málning/lakk) af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum skal ekki fara yfir 35 g/m^2.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum til stuðnings yfirlýsingunni, þ.m.t.:

— heildarforskrift með tilteknu magni og CAS-númerum fyrir innihaldsefni efna,

— prófunaraðferð og niðurstöður úr prófunum á öllum efnum sem eru fyrir hendi í vörunni, samkvæmt tilskipun 67/548/EBE,

— yfirlýsing um að öll innihaldsefni efna hafi verið gefin upp,

— fjöldi umferða og magn sem notað er í hverri umferð á hvern fermetra af yfirborðinu.

Notkunaraðferð:

Eftirfarandi skilvirknistaðall er notaður til að reikna út notkun á vöru til yfirborðsmeðferðar og því magni sem notað er: Sprautubúnaður án endurvinnslu 50%, sprautubúnaður með endurvinnslu 70%, rafstöðuúðun 65%, úðun, bjalla/diskur 80%, rúlluhúðun (e. *roller coating*) 95%, þekjandi húðun (e. *blanket coating*) 95%, lofttæmihúðun 95%, böðun 95%, hreinsun 95%.

c) *Formaldehýð*

Losun formaldehýðs úr efnum og blöndum til yfirborðsmeðferðar sem losar formaldehýð skal vera minni en 0,062 mg/m^3.

Mat og sannprófun: Umsækjandi og/eða birgir hans skulu leggja fram yfirlýsingu þess efnis að ofangreindar kröfur séu uppfylltar ásamt annaðhvort upplýsingum um samsetningu yfirborðsmeðferðarinnar (t.d. öryggisblöð) eða niðurstöðum úr prófun þar sem sönnur eru færðar á að hámarkslosunargildi fyrir formaldehýð fari ekki yfir tilgreind mörk (á grundvelli EN 717-1).

d) *Mýkiefni*

Ef mýkiefni er notað í framleiðsluferlinu verða þalöt að uppfylla kröfur um hættuleg efni sem settar eru fram í 2. lið.

Þar að auki eru efnin DNOP (dí-n-oktýlþalat), DINP (dí-ísónónýlþalat) og DIDP (dí-ísódekýlþalat) ekki leyfð í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

e) *Sæfiefni*

Eingöngu er leyfilegt að nota sæfivörur sem innihalda sæfandi, virk efni sem eru skráð í I. viðauka A við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 98/8/EB og eru leyfð til notkunar í húsgögn.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að kröfur samkvæmt þessari viðmiðun séu uppfylltar ásamt skrá yfir sæfiefnin sem eru notuð.

([1]) Stjtíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

5. **Viðmiðanir varðandi samsetningu húsgagna**

Þessi viðmiðun tengist límingu á íhlutum sem eru hluti af samsetningu húsgagna, þ.e. límefnum.

a) *Hættuleg efni í íblöndunarefnum og bindiefnum*

Þau verða að uppfylla kröfurnar um hættuleg efni sem settar eru fram í 2. lið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi yfirlýsingar sem staðfesta að ofangreindar kröfur séu uppfylltar. Að því er varðar sérhverja efnavöru, sem er notuð við samsetningu húsgagna, skal leggja fram öryggisblað eða jafngild gögn sem innihalda upplýsingar um heilbrigðishættuflokkun. Leggja skal fram prófunarskýrslur eða yfirlýsingu frá birgi varðandi innihald óbundins formaldehýðs.

b) *Rokgjörn, lífræn efnasambönd*

Innihald lífrænna rokefna í límefnum, sem eru notuð við samsetningu húsgagna, skal ekki fara yfir 5% (þyngdarhlutfall) (Rokgjörn, lífræn efnasambönd eru skilgreind sem hvert það lífræna efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þar sem öll límefni, sem eru notuð við samsetningu húsgagna, eru tilgreind sem og þess efnis að þessar viðmiðanir séu uppfylltar.

6. **Viðmiðanir varðandi fullunna vöru**

a) *Ending og öryggi*

Varan skal uppfylla kröfur um endingu, styrkleika, öryggi og stöðugleika í EN-stöðlunum sem gilda um notkun vörunnar. Ef EN-staðall er ekki fyrir hendi skal nota kröfurnar í ISO-stöðlunum. Ef EN-staðall eða ISO-staðall er ekki fyrir hendi skal óháð prófunarstofnun framkvæma mat á endingu, styrkleika, öryggi og stöðugleika vörunnar á grundvelli hönnunar og vals á efnum.

Notendahandbókin mun innihalda skrá yfir reglur og staðla sem skal nota við mat á endingu.

Með tilliti til mikilvægis endingarviðmiðunarinnar og til þess að bæta mat á endingu vöru mun umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins eiga frumkvæði að því að stuðla að samþykkt á EN-stöðlum um endingu sem verða að vera fyrirliggjandi við næstu endurskoðun á núverandi viðmiðunum.

Mat og sannprófun: Framleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu ásamt gögnum um prófunaraðferðirnar sem faggilta stofnunin notaði og prófunarniðurstöðurnar.

b) *Viðhald*

Það skal vera unnt að viðhalda vörunum án þess að nota lífræna leysa.

Framleiðandinn skal ábyrgjast þann möguleika að sé þess óskað sé unnt að fá varahluti (upprunalega hluti sem eru í lagi eða hluti sem uppfylla sambærilegt hlutverk) allan þann tíma sem iðnaðarframleiðsla stendur yfir og í 5 ár frá þeim degi þegar framleiðslu á viðkomandi sviði er hætt.

Mat og sannprófun: Umsækjandi og/eða birgir hans skal leggja fram yfirlýsingu ásamt gögnum sem sýna að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

c) *Endurvinnsla og úrgangur*

Það verður að vera auðvelt að endurvinna vöruna. Neytendur skulu fá ítarlega lýsingu á því hvernig best er að farga vörunni (endurnotkun, endurvinnsla, varan tekin til baka að frumkvæði umsækjanda, orkuvinnsla), flokkað eftir áhrifum á umhverfið. Að því er varðar hvern möguleika verða varúðarráðstafanir sem beita skal til að takmarka áhrif á umhverfið að koma skýrt fram.

Mat og sannprófun: Umsækjandi og/eða birgir hans skal leggja fram sýnishorn af upplýsingunum sem verða veittar og rökstuðning fyrir ráðleggingunum.

d) *Neytendaupplýsingar*

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umhverfismerktu vörunni:

— Upplýsingar um nothæfi á grundvelli notkunar á heimili eða stofnunum (e. *contract use*) (lítil eða mikil notkun, innanhúss eða utan).

— Upplýsingar um hreinsun og umhirðu.

— Leiðbeiningar frá framleiðanda eða smásala um útskipti á gleri (ef um slíkt er að ræða), sé þess óskað, ef glerið skemmist eða brotnar.

— Leiðbeiningar um að hafa skuli samband við staðaryfirvöld varðandi bestu leiðina til að farga gömlum húsgögnum og efnum.

— Leiðbeiningar um samsetningu.

— Upplýsingar um bestu notkunina frá vinnuvistfræðilegu sjónarmiði, ef við á.

— Heiti á þeim tegundum af gegnheilum við sem voru notaðar.

— Tilgreind öll meðhöndlun eða fúavarnarefni sem voru notuð á vörur sem eru notaðar utandyra (efnafræðileg, lífræn eða eðlisræn).

— Ráðleggingar þess efnis að neytendur noti vörur með umhverfismerki ESB til frekara viðhalds á húsgögnunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af upplýsingaefninu sem fylgir með umhverfismerktu vörunni.

e) *Umbúðir fullunninnar vöru*

Umbúðir verða að uppfylla eftirtaldar kröfur:

i. Þær eru gerðar úr einu af eftirfarandi:

— efni sem auðvelt er að endurvinna,

— efni sem er tekið úr endurnýjanlegum auðlindum,

— efni sem fyrirhugað er að sé endurnotanlegt, s.s. yfirbreiðslur úr textílefni.

ii. Það skal vera auðvelt að aðskilja öll efni með handafli í endurvinnanlega hluta sem eru úr einu efni (t.d. pappi, pappír, plast, textílefni).

Mat og sannprófun: Með umsókninni skal leggja fram lýsingu á umbúðum vörunnar ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

f) *Upplýsingar á umbúðunum*

Eftirfarandi texti skal koma fram á umbúðunum:

„Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt „Blómið“ fást á vefsetrinu: http://www.ecolabel.eu“

Eftirfarandi texti (eða sambærilegur texti) skal einnig koma fram á umbúðunum og í notendahandbókinni:

„Frekari upplýsingar fást á vefsetrinu um umhverfismerki ESB. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá: nafn/heimilisfang neytendaþjónustu umsækjanda“:

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, notendahandbók og upplýsingum sem fylgja vörunni ásamt yfirlýsingu um samræmi við sérhvern hluta þessarar viðmiðunar.

g) Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

— Viður úr skógum sem er vel stjórnað,

— notkun hættulegra efna er takmörkuð,

— varan er prófuð m.t.t. endingar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

Viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir frumefni og efni sem eru leyfð í endurunnar viðartrefjar til framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði

Frumefni og efnasambönd	Viðmiðunarmörk (mg/kg af endurunnu efni sem er að meginhluta úr viði)
Arsen	25
Kadmíum	50
Króm	25
Kopar	40
Blý	90
Kvikasilfur	25
Flúor	100
Klór	1000
Pentaklórfenól (PCP)	5
Tjöruolíur (bensó[a]pýren)	0,5